

MENNING

menning@24stundir.is

Þannig mást öll þjóðareinkenni út og myndirnar snúast alls ekki um persónurnar sjálfar sem eru á þeim. Ég er meira að fjalla um staðalímynd kvenna sem hafa stimpil upp á fegurð.



Verk sem krefjast mikils

Finnski rithöfundurinn, fyrirlesarinn og gagnrýnandinn Mikka Hannula er sýningarstjóri sýningarinnar „Ljós-hærð ungrú heimur 1951-“. Hann starfar nú sem prófessor í listransóknum í myndlist- og hönnunardeild Háskólans í Gautaborg en hefur unnið með Birgi Snæbjörni að nokkrum verkefnum frá árinu 2002 og skrifaði grein í sýningarskrána. „Þessi verk eru mjög áhrifarík á marga vegu“, segir hann. „Í fyrsta lagi eru þessar myndir mjög fallegar á að líta og hálfgerð augnakonfekt. En um leið krefjast þær þess að áhorfandinn komist að þeim, færi sig nær, skipti um sjónarhorn og stellingu.“ Þrátt fyrir að myndefnið sé kunnuglegt og líkist mörgu af því sem má sífellt sjá á öldum ljósvakans eru málverk Birgis þó um leið í mótsögn við það að sögn Mika „Þessar myndir sýna minna og listamaðurinn dregur úr í stað þess að ýkja. Þannig er ekki nóg að sjá bara myndirnar heldur verður áhorfandinn að *sækja* þær sjálfur.“ bendir hann á. Mika Hannula ætlar að ræða við Birgi Snæbjörn á ensku um sýninguna á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn klukk- an 15.

Sýning með myndum af ljóshærðum fegurðardrottningum á Kjarvalsstöðum

Áhorfandi klárarar verkið

Sýning með málverkum af 56 ljóshærðum fegurðardrottningum verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun. Um er að ræða verk eftir myndlistarmanninn Birgi Snæbjörn Birgisson og var kveikjan að sýningunni bók sem hann keypti í Góða hirðinum.

Eftir Hildi Eddu Einarsdóttur
hilduredda@24stundir.is

„Myndirnar eru málaðar eftir ljósmýndum af sigurvegum Ungfrú heimur-keppinnar frá því að hún hóf göngu sína árið 1951,“ segir myndlistarmaðurinn Birgi Snæbjörn Birgisson sem opnar sýninguna Ljós-hærð ungrú heimur 1951- á Kjarvalsstöðum á morgun. „Þetta eru ekki eiginlegar portrettmyndir heldur eru þær málaðar eftir pressumýndum sem margar hverjar eru í frekar slæmri upplausn, og svo er ég búinn að breyta öllum í ljóskur og mála þær í afar daufum litum. Þannig mást öll þjóðareinkenni út og myndirnar snúast alls ekki um persónurnar sjálfar sem eru á þeim. Ég er meira að fjalla um staðalímynd kvenna sem hafa stimpil upp á fegurð. Það er því með vilja gert sem myndunum er ekki raðað upp eftir tímaröð og eru ómerktar.“

Hugmyndin að sýningunni kviknaði þegar Birgi rakst á bók um keppnina Ungfrú heimur í Góða hirðinum fyrir tveimur árum og keypti hana. Aftast í bókinni er myndaröð af sigurvegum keppinnar. „Þessi bók var að þvælast á vinnustofunni minni um tíma án



Ég vil frekar opna umræðu en fella dóma Birgi Snæbjörn í sýningarsalnum.

SÝNINGIN

Birgi hefur áður unnið með ljóskubemað, þegar hann málaði myndir af ljóshærðum hjúkrunarfræðingum. Hugmyndina fékk hann þegar bresk þingkona sagði opinberlega að of mikið væri af ljóshærðum hjúkrunarfræðingum á breskum spítölum.

þess að það væri einhver sérstakur tilgangur með því. Svo ákvað ég að mála nokkrar svona myndir og svo vatt þetta upp á sig. Fyrstu fimmtán myndirnar fóru á sýningu í Gautaborg síðasta sumar og svo fékk Listasafn Reykjavíkur mig til að sýna þær allar hér á Kjarvalsstöð-

um. Nú eru ákveðnar viðræður í gangi um að hún fari til London á næsta ári og jafnvel á fleiri staði. Ég vonast til að hún nái að fara sem víðast og held hún hafi alla burði til þess, enda er þetta alþjóðlegt þema ef svo má segja,“ segir hann. Þegar sýningin fór til Gautaborgar voru Svíar nýlega búnir að neita að senda sinn fulltrúa í keppnina Miss Universe og umræðan um fegurðarsamkeppnir stóð sem hæst þar. Birgi segir það því hafa verið afar spennandi að gefa Svíum ákveðinn forsmeik að þessari sýningu, og líka af því að fyrstu tveir sigurvegarar keppinnar Miss World voru sænskir. Með verkunum sé hann þó ekki að fella neina dóma eða deila á fegurðarsamkeppnir. „Ég þekki

engan sem hefur ekki skoðun á fegurðarsamkeppnum og það hafa líka mjög margir skoðun á ljóskubemað í myndinni svokölluðu. En tilgangur minn með sýningunni er að opna grundvöll fyrir kritíska umræðu en ekki koma sjálfur með einhverja dóma. Ég hef því lagt mig í líma við að gæta hlutleysis. Áhorfandinn á að klára verkið,“ segir hann.

En fylgstu mikið með fegurðarsamkeppnum?

„Mér finnst þær áhugavert fyrirbæri og ætla til að mynda að halda áfram að mála sigurvegara Miss World. En ég er þó ekki þessi nörd sem veit nöfn allra sigurvegaranna og á sennilega ekki eftir að vera fenginn í dómnefnd,“ segir hann að lokum og hlær.

Hreinn hlaut heiðursverðlaunin í ár

Hreinn Friðfinnsson myndlistarmaður hlaut heiðursverðlaun Myndstefs, Myndhöfundasjóðs Íslands, árið 2007 en það var forseti Íslands sem afhenti þau í Listasafni Íslands við hátíðlega athöfn í gær. Viðurkenninguna hlaut Hreinn fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar en hluta þess gefur nú að líta á yfirlitsýningu í Listasafni Reykjavíkur sem upphaflega var sett upp í Serpentine Gallery í Lundúnum í sumar.

Í rökstuðningi dómnefndar fyrir valinu segir meðal annars: „Verk Hreins eru hrifandi og einföld, full af ljóðrænum visunum og heimspekilegum vangaveltum. Ásýnd hlutanna skiptir ekki höfudmáli heldur andinn og hin tæra hugsun enda snúast verkin gjarnan um eitthvað loftkennt og ósnertanlegt einsog ljósið, vindinn eða það sem ekki er. Þrátt fyrir – og kannski einmitt fyrir þessa ákveðnu naumhyggju – búa þau yfir einstökum þokka og fegurð.“

Að sögn Knúts Bruun, stjórnarformanns Myndstefs, er veiting heiðursverðlaunanna tilraunaverkefni til þriggja ára þar



Afhending Hér tekur Edda Jónsdóttir við verðlaunum úr hendi forsetans, en Hreinn er erlendis.

sem Myndstef veitir helming verðlaunafjárins og Landsbanki Íslands hinn helminginn, samtals eina milljón króna. Þetta er í þriðja sinn sem verðlaunin eru afhent en Gabriela Friðriksdóttir og Valgerður Bergsdóttir hlutu þau áður. En þótt tilraunaverkefninu sé lokið er stefnt að því að festa verðlaunaafhendinguna í sessi. „Við hjá Myndstefi ætlum að setjast niður og finna leiðir til að halda þessu góða verkefni gangandi. Ef til vill fáum við það góða fólk hjá Landsbankanum til að halda áfram með okkur í því, eða aðra aðila,“ segir hann.

MATUR 20. NÓVEMBER

SÉRBLAÐ 24 STUNDA

MATLUR

Fullt af fróðleik og skemmtilegu efni

ALLGLYSINGASÍMI

KATRIN S. 510 3727 / KATA@24STUNDIR.IS

KOLLA S. 510 3722 / KOLLA@24STUNDIR.IS